

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

13

um viðauka við lög nr. 104, 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar  
á íslenskum skipum.

30. maí

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefur þegnlega tjáð Oss, að vegna hinnar miklu þátttöku sem verði í síldveiðum á þessu sumri og hins mikla skipafjölda, sem á síldveiðar muni ganga, sé það fyrirsjáanlegt að skortur hljóti að verða á vélstjórum með lögmæltum vélstjóraskirteinum og að full vissa sé fyrir því að ekki verði hægt að gera öll skipin út, nema atvinnu og samgöngumálaráðuneytinu verði heimilað að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 104, 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum að því er snertir skilyrði til vélgæzlu á eimskipum. Samkvæmt þessu verðum Vér að telja brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum.

## 1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt þegar skortur er á vélstjórum að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum, allt að 300 hestafla, og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla meðan skip þau er slíka vél hafa stunda veiðar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október ár hvert.

Áður en undanþága er veitt skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Aabenraa, 30. maí 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*